



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Afreksípróttasvið

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	2
1 Inngangur	3
2 Samstarfsaðilar	3
3 Umsókn og Inntökuskilyrði	3
4 Áfangalýsingar og markmið	3
5 Afreksíþróttasviðið, einingar og brautir skólans	4
6 Námsmat og Skólasókn	4
7 Áfengi, tóbak og önnur vímuefni	6

1 INNGANGUR

Afreksíþróttasvið FVA tók til starfa á haustönn 2015 eftir undirbúning starfsmanna skólans í samstarfi við starfsmenn Akranesbæjar og Íþróttabandalags Akraness. Sviðið er ætlað fyrir nemendur sem hafa stundað afreksíþróttir í töluverðan tíma og vilja hafa aukið svigrúm til að stunda íþrótt sína samhliða námi í skólanum

2 SAMSTARFSADILAR

Afreksíþróttasvið FVA er samstarfsverkefni Fjölbautaskóla Vesturlands, Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness. Skriflegur samningur um sviðið er gerður reglulega og undirritaður af þar til bærum aðilum. FVA, ÍA og Akraneskaupstaður skulu mynda með sér stýrihóp sem skipaður er einum fulltrúa frá hverjum samningsaðila og tveir frá FVA. Stýrihópurinn hefur aðhald og eftirlit með því starfi sem fram fer á afreksíþróttasviði FVA.

FVA sér um daglega verkefnastjórn á sviðinu og leggur til starfsmann í ákveðið starfshlutfall, hér má sjá starfslýsingu verkefnastjóra: [Starfslýsingar - Fjölbautaskóli Vesturlands \(fva.is\)](http://fva.is)

3 UMSÓKN OG INNTÖKUSKILYRÐI

Ferill hvers einstaklings er einstakur og að það er okkar að gefa öllum þeim sem sýna metnað tækifæri á að þroskast og þróast. Inn á sviðið eru því velkomnir einstaklingar sem eru nú þegar afreksfólk í sínu fagi og aðrir sem eiga enn eftir að ná markmiðum sínum. Það sem mestu máli skiptir er að tileinka sér siði og venjur sem einkennir afreksíþróttafólk.

Sótt er um afreksíþróttasvið FVA á vef skólans samhliða umsókn í FVA. Inntökuskilyrði er að hafa fengið samþykka skólavist, að nemendur séu virkir iðkendur í íþróttafélagi og stundi íþróttina af metnaði, meðmæli frá þjálfara eða íþróttafélagi umsækjanda og samþykki um viðmið sviðsins hvað varðar skólasókn og vímuefnaleysi.

Nemandi sem sækir um á afreksíþróttasviði eða velur afreksíþróttasvið fyrir næstu önn á námsvalstímabili hveurrar annar skuldbindur sig til greiðslu kostnaðar hafi hann ekki skráð sig af sviðinu áður en vika er liðin af kennslutíma.

Kostnaður við þátttöku á afreksíþróttasviðinu er skv. gjaldskrá skólans hverju sinni. Í kostnaði felst námsgögn, fatnaður og þjálfun.

4 ÁFANGALÝSINGAR OG MARKMIÐ

Íþróttæfingar nemenda á Afreksíþróttasviði fara alltaf fram á skólatíma, mánudaga og miðvikudaga frá kl. 8:00-9:00. Styrktartímar og bókleg kennsla fara fram á fimmtudögum frá kl. 10:45-12:30. Sjá nánar í námsáætlun.

Almennt er miðað við að nemendur stundi nám á sviðinu í fjórar annir að hámarki en þegar nemandi hefur lokið öllum fjórum áföngunum stendur til boða að sinna verklega hluta afreksins, þ.e. æfingar með íþróttafélagi og fyrir það gefast 2 einingar í fyrsta skiptið en 3 í það næsta og svo koll af kolli.

Nemendur á stúdentsbrautum sem fara í afrekið fá einingarnar metnar annars vegar í íþróttir og hins vegar í frjálst val. Á hverri önn fá nemendur á afreksíþróttasviðinu sem eru í fullu afreki 5 einingar og skiptast þær skv. skólanámskrá þannig að 1-2 einingar fara í íþróttir og 3-4 í frjálst val. Það er því ekki hægt að taka afrekið bara á fyrstu önn og þá eru allar íþróttaeiningar komnar enda samræmist það ekki aðalnámskrá framhaldsskólanna en í henni segir að: „Framhaldsskólar skulu skipuleggja námsbrautir þannig að allir nemendur 18 ára og yngri stundi íþróttir – líkams- og heilsurækt.“

5 AFREKSÍÞRÓTTASVIÐIÐ, EININGAR OG BRAUTIR SKÓLANS

Nemendur á Náttúruvísindabraut (NÁT_H22) geta tekið fjóra áfanga á afreksíþróttasviðinu og allar einingarnar nýtast þannig að 6 koma í stað íþróttar og 14 fara í frjálst val. Við fimmta áfangann á afrekinu nýtist ein eining í frjálst val.

Nemendur á Félagsvísindabraut (FÉL_H22) geta tekið fjóra áfanga á afreksíþróttasviðinu og allar einingarnar nýtast þannig að 6 koma í stað íþróttar og 14 fara í frjálst val. Við fimmta áfangann á afrekinu nýtist ein eining í frjálst val.

Nemendur á Opinni stúdentsbraut, óháð sviði geta stundað nám á afreksíþróttasviði í 6-8 annir og nýtast allar einingarnar til stúdentsprófsins

Á öllum stúdentsbrautum gildir að fjöldi eininga fyrir afreksíþróttasviðið á fyrsta þrepi gætu verið yfir hámarki ef nemendur fara í undirbúningsáfanga í dönsku, ensku, íslensku og/eða stærðfræði.

Nemendur í iðnnámi geta stundað nám á afreksíþróttasviði allan námstímann en þar sem ekki er frjálst val á þeim brautum nýtast ein til tvær einingar á önn úr afreksíþróttasviðinu í stað íþróttaeininga á iðnbrautum. Nemendur sem fara í undirbúningsáfanga í dönsku, ensku, íslensku og/eða stærðfræði þurfa að skipuleggja námið m.t.t. þess að ná að ljúka kjarnagreinum samhliða námi á iðnbraut.

6 NÁMSMAT OG SKÓLASÓKN

Verkefnisstjóri sviðsins vinnur námsmat fyrir hvern nemanda í samráði við þjálfara og aðra kennara sviðsins.

Þegar sótt er um þátttöku á afreksíþróttasviðinu samþykkir nemandi viðmið um 85% lágmarks skólasókn í áfangana. Þetta er gert með sérstöku haki í umsóknarferlinu. Verkefnastjóri sviðsins fylgist með mætingu og boðar nemendur til sín ef mæting fer niður fyrir viðmiðið til að ræða ástæður og hvernig bæta megi úr.

Íþróttafélög og sérsambönd geta óskað eftir leyfi fyrir nemendur Afrekssíþróttasviðs til að taka þátt í keppni með landsliði eða æfingaferð á vegum síns félags eða t.d. til reynslu hjá liði erlendis. Þeim

ber að tilkynna ástæðu og lengd tíma frá skóla. Nemendur bera ábyrgð á því að upplýsa kennara sína og gera ráðstafanir í samvinnu við þá um hvernig haga skal verkefnaskilum. Leyfi frá skóla er ávallt veitt sem stórt L, óski þjálfari, félag eða sérsamband viðkomandi eftir því.

7 ÁFENGI, TÓBAK OG ÖNNUR VÍMUEFNI

Neysla áfengis, tóbaks og annarra vímuefna fer ekki saman við lífstíl og markmiðssetningu afreksíþróttafólks. Umsækjandi um afreksíþróttasvið FVA samþykkir að neyta hvorki áfengis, tóbaks né annarra vímuefna og er það gert með sérstöku haki í umsókninni á vef skólans.

Verði nemandi á sviðinu uppvís að neyslu áfengis á viðburðum skólans varðar það tafarlausri brottvísun af sviðinu og slík mál fá einnig meðferð innan skólans skv. skólareglum.

Þegar slíkt mál kemur upp þá upplýsa skólastjórnendur verkefnisstjóra og forvarnafulltrúi skólans um málið sem ræða við viðkomandi nemanda og bjóða stuðning..